















Fundargerð

Fimmtudagurinn 27. október 2022 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

1. Fundargögn

	396 fundargerð 07 09 2022.docx
	397 Dagskrá fundar EFS 27 10 2022.docx
	áætlun staða 30.06.2022.pdf
	aðalbók jan-júní 2022.pdf
	Frávikagreining janúar - júní 2022.pdf
	Punktar af fundi EFS með RogU 3.10.2022.d...
	Rekstraryfirlit janúar - júní 2022.pdf
	Rekstraryfirlit málaflokka niður á deildir jan...
	Strandabyggð_efnahagsyfirlit m.viðaukum.p...
	Strandabyggð_málaflokkayfirlit m.viðaukum...
	Strandabyggð_rekstraryfirlit m.viðaukum.pdf
	Strandabyggð_sjóðsstreymi m.viðaukum 20...
	Vopnafjarðarhreppur .docx
	Vopnafjarðarhreppur 6.mán rekstraruppjör...

2. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð nr. 396 var samþykkt.

3. Umræða um fund EFS með reiknings- og upplýsinganefnd

EFS fundaði með Reiknings- og upplýsinganefnd þann 3. október sl. um reikningsskil sveitarfélaga. Rætt var um núverandi fyrirkomulag og hvort það þurfi að gera breytingar til skamms tíma. Jafnframt var umræða um með hvaða hætti reikningsskil sveitarfélaga eiga að vera til framtíðar. Ákveðið var að nefndirnar myndu hittast aftur og að PÓ verði með kynningu á IPSAS stöðlum.

4. Vopnafjarðarhreppur

Ákveðið var á síðasta fundi að óska eftir 6 mánaða uppgjöri og upplýsingar um hvernig hefur verið fylgt eftir tillögum frá Ráðrík. Lagt var fram 6 mán. uppgjör og svör frá Vopnafjarðarhreppi varðandi tillögur Ráðríks.

Búið er að fara eftir ýmsum tillögum frá Ráðrík sem er ætlað að bæta reksturinn. Afkoma fyrstu 6 mán. ársins er neikvæð og vegur þar þyngst reksturinn á hjúkrunarheimilinu. Ákveðið var að bíða eftir útkomuspá 2022 og fjárhagsáætlun 2023 til að meta með betri hætti fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

5. Strandabyggð

Lagt fyrir 6. mánaða uppgjör ásamt málaflokkayfirliti. Ákveðið að fylgjast áfram með stöðu mála og taka stöðuna þegar útkomuspá 2022 og fjárhagsáætlun 2023 liggja fyrir.

6. Önnur mál

Enginn önnur mál.